

REGLUGERÐ

um Kvikmyndasjóð.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Kvikmyndasjóðs er að efla íslenska kvikmyndagerð með fjárhagslegum stuðningi. Kvikmyndamiðstöð Íslands hefur umsjón með rekstri og starfsemi Kvikmyndasjóðs.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

1. Kvikmynd er hvers kyns hreyfimyndaefni án tillits til þess með hvers konar tækni eða aðferðum það er framleitt.
2. Íslensk kvikmynd er kvikmynd sem unnin er og kostuð af íslenskum aðilum eða er samstarfsverkefni íslenskra og erlendra aðila. Með kvikmynd á íslensku er átt við að frumútgáfa kvikmynda sé með íslensku tali.
3. Samstarfsverkefni eru verkefni íslenskra og erlendra aðila sem falla undir samninga Íslands og annarra ríkja um samframleiðslu. Yfirlit yfir samninga sem Ísland hefur gerst aðili að er í viðauka við reglugerð þessa.
4. Sjálfstæður framleiðandi er lögaðili sem hefur kvikmyndagerð að meginstarfi og er ekki undir ráðandi eignarhaldi eða viðskiptalegum yfirráðum opinberra aðila eða fjölmiðlaveitu.
5. Aðaltökuþímabil hefst þegar búíð er að vinna alla forvinnu vegna kvikmynda, hægt er að hefja aðaltökur þegar allir samningar og fjármögnun eru frágengin.

3. gr.

Almenn skilyrði styrkveitinga.

Verkefni sem styrkt eru af Kvikmyndasjóði skulu hafa íslenska menningarlega og samfélagslega skírskotun, nema sérstök menningarleg rök leiði til annars.

Styrkir úr Kvikmyndasjóði geta meðal annars runnið til kvikmyndagerðar og verkefna á sviði kvikmyndamenningar að uppfylltum skilyrðum reglugerðar þessarar. Skilyrði í þessari reglugerð um þjóðerni, búsetu eða skráningu hér á landi gilda ekki um lögaðila og einstaklinga frá öðrum EES-ríkjum sem falla undir ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. þó skilyrði 5. mgr. 16. gr. reglugerðar þessarar um móttöku styrks, sbr. 5. mgr. 6. gr. kvikmyndaþaga.

Einstaklingar og lögaðilar sem falla undir þá alþjóðasamninga sem getið er í lið II í viðauka við reglugerð þessa skulu einnig undanþegnir skilyrðum um þjóðerni, búsetu eða skráningu hér á landi eftir því sem nánar er kveðið á um í þessum samningum, að því gefnu að viðkomandi hafi skráð útibú eða umboðsmann hér á landi, sbr. 5. mgr. 16. gr.

Kvikmyndamiðstöð skal bóka samninga og vilyrði um styrk á því ári sem samþykki fyrir styrk er veitt og gæta þannig að því að fjárheimild sé til staðar þegar styrkur er veittur.

Sótt er um styrki á vef Kvikmyndamiðstöðvar.

Upplýsingar um styrki úr Kvikmyndasjóði og umsóknargögn skal birta á vef Kvikmyndamiðstöðvar. Kvikmyndamiðstöð tekur á móti umsóknum um styrki, gefur út leiðbeiningar um hvaða kröfur eru gerðar til umsóknargagna, sbr. 11. gr. Skulu þessar upplýsingar birtar á vef Kvikmyndamiðstöðvar ásamt umsóknareyðublöðum.

Kvikmyndamiðstöð er ávallt heimilt að óska viðbótargagna frá umsækjendum ef þurfa þykir til að sannreyna hvort skilyrði um veitingu styrks eru fyrir hendi. Skal slík ósk vera sett fram skriflega

og Kvikmyndamiðstöð skal leiðbeina umsækjendum um framlagningu gagna eftir því sem þörf er á og setja viðkomandi hæfilegan frest til úrbóta.

4. gr.

Fjárveitingar Kvikmyndasjóðs.

Um skiptingu fjárveitinga til Kvikmyndasjóðs skal kveðið á um í stefnumiðaðri áætlun Kvikmyndamiðstöðvar, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2015, að höfðu samráði við kvikmyndaráð.

II. KAFLI

Styrkir til kvikmyndagerðar, umsóknargögn og kostnaðaráætlun.

5. gr.

Jafnréttismat umsókna.

Við mat á umsóknum skal líta til þess hvort styrkurinn stuðli að jöfnun á stöðu kvenna og karla í kvikmyndagerð. Skal í því sambandi líta til kynjahlutfalls og áætlaðs framlags lykilstarfsmanna og leikara við val milli umsókna sem að öðru leyti eru taldar sambærilegar með vísan til ofangreindra viðmiða.

Kvikmyndamiðstöð skal birta nánari lýsingu á vef miðstöðvarinnar um framkvæmd mats sem byggt er á ofangreindum skilyrðum.

6. gr.

Kvikmyndaráðgjafar og mat á umsóknum.

Listrænt mat á þeim styrkumsóknum sem Kvikmyndamiðstöð berast er í höndum kvikmyndaráðgjafa sem ráðnir eru tímabundið, að hámarki í sex ár, af forstöðumanni Kvikmyndamiðstöðvar. Kvikmyndaráðgjafar skulu hafa þekkingu og reynslu á sviði kvikmynda og mega ekki hafa hagsmuna að gæta við úthlutun eða gegna störfum utan Kvikmyndamiðstöðvar sem tengjast íslenskri kvikmyndagerð. Hæfisreglur stjórnsýslulaga gilda um störf kvikmyndaráðgjafa.

Í mati kvikmyndaráðgjafa komi fram auk listræns mat á verkinu, helstu efnisþættir þess og tillaga um synjun eða veitingu styrks. Kvikmyndaráðgjafar geta kallað eftir nánari gögnum og fundað með umsækjendum eftir atvikum.

Akvæði þessarar greinar eiga ekki við um umsóknir um aðra styrki sbr. 18. gr.

7. gr.

Handritsstyrkir.

Handritsstyrk má veita til handritshöfundar, framleiðanda eða teymis áðurnefndra. Ef um teymi er að ræða er til viðmiðunar að höfundur fái að lágmarki 80% styrkuppþæðar og framleiðandi allt að 20%. Handritsstyrk má einnig veita til kaupna á höfundarrétti verks, sem fyrirhugað er að skrifa handrit eftir, en slíkir styrkir skulu ávallt greiddir til framleiðanda. Handritsstyrkur til heimildamyndar getur náð til vettvangskönnunar og efnisöflunar. Veiting handritsstyrks er ekki vilýrði fyrir frekari styrkveitingu.

8. gr.

Þróunarstyrkir.

Þróunarstyrk má veita til þróunar handrits og frekari fjármögnunar kvikmyndar ef álitid er að frekari þróun muni efla verkið umtalsvert á listrænan, fjárhagslegan eða tæknilegan hátt, eða treysta stöðu verksins að öðru leyti. Heimilt er að veita þróunarstyrk til fjármögnunar nokkurra kvikmynda í senn þegar tilhögun fjármögnunar kallar á slíkt (e. slate funding). Veiting þróunarstyrks er ekki vilýrði fyrir frekari styrkveitingu.

9. gr.

Framleiðslustyrkir.

Vilýrði um framleiðslustyrk má veita tímabundið til allt að tólf mánaða þegar fullmótað handrit eða ítarlegur efnisútdráttur liggur fyrir ásamt fjárhags- og fjármögnunaráætlun sem samþykkt hefur

verið af Kvikmyndamiðstöð. Slík vilyrði verða að framleiðslustyrk liggi fyrir skriflegir samningar sbr. 11 gr. og staðfestingar um að fjármögnun sé að fullu lokið frá öðrum en Kvikmyndasjóði. Takist ekki að tryggja fjármögnun frá öðrum en Kvikmyndasjóði áður en frestur rennur út og viðbótarfrestur hefur ekki verið veittur, fellur vilyrðið sjálfkrafa úr gildi.

Framleiðslustyrk má veita þegar fullbúið handrit liggur fyrir ásamt fjárhags- og fjármögnunaráætlun. Skilyrði fyrir framleiðslustyrk er að fyrir liggi skriflegir samningar sbr. 11. gr. og staðfestingar um að fjármögnun sé að fullu lokið frá öðrum en Kvikmyndasjóði.

Tímabundin vilyrði og framleiðslustyrkir eru aðeins veittir sjálfstæðum framleiðendum sem hafa reynslu og/eða staðgóða þekkingu á kvikmyndagerð. Kvikmyndasjóði er þó einnig heimilt að veita styrki til tilrauna-/sprotaverkefna nýrra framleiðenda og leikstjóra.

Skilyrði fyrir úthlutun til leikinna kvikmynda í fullri lengd er að kvikmynd sé ætluð til sýningar í kvikmyndahúsi og/eða fjölmiðlaveitu.

Skilyrði fyrir úthlutun til leikins sjónvarpsefnis er að efnið sé ætlað til sýninga hjá fjölmiðlaveitu.

Fjölmiðlaveita sem vísað er til í 4. og 5. mgr. má ekki vera með ráðandi eignarhlut á framleiðslunni, né heldur má fjölmiðlaveitan vera með ráðandi eignarhlut í sjálfstæðu framleiðslufyrirtæki sem sækir um styrk vegna leikins sjónvarpsefnis og leikinna kvikmynda í fullri lengd, hvort sem litið er til eignaraðildar, hlutafjäreignar eða höfð hliðsjón af viðskiptalegri stöðu. Ráðandi eignarhlutur telst það vera þegar ein fjölmiðlaveita á meira en 25% hlut í framleiðslufyrirtæki (eða eignarhlutur tveggja eða fleiri fjölmiðlaveitna er 50% eða meiri). Sýningarréttur skal renna aftur til framleiðanda innan 7 ára frá undirskrift samnings ef um forsölusamning er að ræða og innan 10 ára ef um samframleiðslusamning er að ræða.

Ef um samframleiðslu fleiri en eins sjálfstæðs framleiðanda er að ræða, verða meðframleiðendur að tilgreina einn aðila samframleiðslunnar sem aðalframleiðanda og heimila honum að skrifa undir samninga við Kvikmyndamiðstöð fyrir sína hönd.

10. gr.

Eftirvinnslustyrkir.

Heimilt er að veita styrki til eftirvinnslu kvikmynda í sérstökum tilvikum. Skilyrði fyrir veitingu eftirvinnslustyrks er að ekki hafi verið veittur framleiðslustyrkur úr Kvikmyndasjóði vegna verksins og að kvikmyndatöku og klippingu sé lokið.

11. gr.

Umsóknargögn og kostnaðaráætlun.

Sækja þarf um styrk áður en styrkhæft verkefni er hafið sbr. þó 10.gr. Með umsóknum skulu eftir því sem við á fylgja nákvæm gögn um hið styrkhæfa verkefni, aðstandendur þess og starfsmenn, þ.m.t. upplýsingar sem skipta máli við mat á því hvort verkið stuðli að jöfnun á stöðu kvenna og karla, fjárhagslega stöðu umsækjanda, fjármögnum verks, meðal annars um aðra styrki, fjárstreymi, þegar gerða og fyrirhugaða samninga um gerð verksins eða sem tengjast því, m.a. samninga eða staðfestingu um fjármögnun, markaðssetningu og kynningu verksins, sýningu þess og aðrar þær upplýsingar sem Kvikmyndamiðstöð telur nauðsynlegar til að kanna faglega og fjárhagslega getu umsækjenda. Í kostnaðaráætlun skulu allir liðir færðir á markaðsvirði. Kostnaðaráætlun skal innihalda stjórnunarkostnað sem þó skal ekki vera hærri en 7,5% af heildarkostnaðaráætlun að fráreginni 10% óvissu og þóknun framleiðenda. Þóknun framleiðanda skal miðuð við eðli og umfang verkefnis og háð samþykki Kvikmyndamiðstöðvar.

Þá þurfa ávallt að liggja fyrir skriflegir samningar við handritshöfunda, tónhöfunda, leikstjóra og eftir atvikum aðra höfundaréttarhafa verkefnisins þar sem fram kemur m.a. að viðkomandi réttthafi, sérstaklega höfundur bókmenntaverks, handrits og tónverks, séu upplýstir um styrkveitingar og stöðu hins styrkhæfa verkefnis, sbr. 41. og 42. gr. höfundalaga nr. 73/1972 með síðari breytingum.

Í samframleiðslusamningum skal skýrt hvernig fjármögnun skiptist milli samframleiðenda og hver réttur íslenskra framleiðenda sé. Breytist samningar eftir undirritun úthlutunarsamnings skal framleiðandi tafarlaust upplýsa um þær breytingar og fá samþykki Kvikmyndamiðstöðvar fyrir þeim.

Hvert verkefni getur einungis sótt um tvisvar í sjóðinn, nema að verulegar breytingar eigi sér stað.

12. gr.

Málsmeðferð við mat á umsóknum.

Eftir að kvikmyndaráðgjafi hefur látið forstöðumanni í té listrænt mat á handriti og tillögu um úthlutun fer Kvikmyndamiðstöð yfir fjárhags- og framkvæmdaþætti umsóknarinnar. Tillögur kvikmyndaráðgjafa fela hvorki í sér vilyrði um styrkveitingu né synjun um styrk.

Telji Kvikmyndamiðstöð að bæta þurfi úr umsókninni og/eða fylgigögnum hennar vegna annmarka, skal senda umsækjanda athugasemdir þar að lútandi og veita honum tveggja vikna frest til að bæta úr eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri við Kvikmyndamiðstöð áður en endanleg niðurstaða liggur fyrir. Að fresti liðnum er tekin endanleg ákvörðun um það hvort styrkur sé veittur eða synjað um styrk.

Kvikmyndarmiðstöð fylgist með því að framvinda verks sé í samræmi við ákvæði úthlutunarsamnings sbr. 14. gr. og getur kallað eftir nánari gögnum og fundað með styrkþegum eftir þörfum. Hægt er að óska eftir viðveru leikstjóra og þess ráðgjafa sem fjallaði um handrit verksins á slíkum fundum.

Ef umsækjanda er synjað um styrk getur hann óskað þess að umsóknin verði tekin fyrir að nýju og að umsagnar verði aflað hjá öðrum kvikmyndaráðgjafa, þó einungis einu sinni nema að verulegar breytingar verði á verkefninu.

Leggi umsækjandi fram nýja umsókn án þess að hafa gert breytingar eða úrbætur sem máli skipta er Kvikmyndamiðstöð heimilt að vísa til fyrri ákvörðunar í málinu.

Í tilkynningum til umsækjenda um ákvarðanir vegna styrkveitinga skal leiðbeina þeim um framangreindar heimildir svo og um heimild til stjórnslukæru. Listrænt mat kvikmyndaráðgjafa sætir ekki kærur til ráðherra.

III. KAFLI

Umsýsla umsókna, greiðslur styrkja, uppgjör o.fl.

13. gr.

Meðferð og umsýsla umsókna.

Kvikmyndamiðstöð skal senda umsækjanda staðfestingu á móttöku umsóknar og upplýsingar um málsmeðferð.

Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar er ábyrgur fyrir því að öll skilyrði fyrir úthlutun séu uppfyllt. Forstöðumaður tekur endanlega ákvörðun um styrkveitingu úr Kvikmyndasjóði, að fengnu skriflegu listrænu mati kvikmyndaráðgjafa sbr. 6. gr.

Afgreiðsla á umsóknum úr Kvikmyndasjóði getur orðið með eftirfarandi hætti:

- a. Umsækjanda um styrk er synjað.
- b. Umsækjandi hlýtur styrk eða vilyrði um styrkveitingu.

Endanleg ákvörðun skal tekin eins fljótt og unnt er. Kvikmyndamiðstöð skal birta upplýsingar um ráðstöfun á fjárveitingum til Kvikmyndasjóðs á vef sínum.

14. gr.

Úthlutunarsamningar.

Áður en greiðsla styrks fer fram skulu Kvikmyndamiðstöð og styrkþegi gera með sér skriflegan úthlutunarsamning um greiðslutilhögun styrks og skilyrði styrkveitingar og/eða tímabundins vilyrðis.

Í úthlutunarsamningi skal meðal annars koma fram að öll frávik frá úthlutunarsamningi þurfi að bera undir Kvikmyndamiðstöð til samþykktar. Telji Kvikmyndamiðstöð að um svo miklar breytingar sé að ræða, að forsenda fyrir úthlutun styrks í öndverðu sé brostin, getur hún rift úthlutunarsamningnum og krafist endurgreiðslu að fullu.

Styrkþega er skylt að sýna fram á að fyrir liggi skriflegur samningur við handritshöfunda, tónhöfunda, leikstjóra og eftir atvikum aðra höfundaréttarhafa verkefnisins þar sem meðal annars kemur fram að viðkomandi rétthafar séu upplýstir um styrkveitingar og stöðu hins styrkhæfa verkefnis, sbr. 41. og 42. gr. höfundalaga nr. 73/1972 með síðari breytingum.

15. gr.

Styrkhlutfall.

Áður er styrkur er greiddur skal Kvikmyndamiðstöð gæta að því að heildarfjárhæð styrkja til tiltekins verkefnis verði ekki umfram hámarkshlutfall sem kveðið er á um í reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Í því felst að almennt styrkhlutfall vegna framleiðslu og dreifingar skal ekki fara yfir 50% kostnaðar við verkefnið. Styrkhlutfall vegna framleiðslu verkefna yfir landamæri sem fleiri en eitt EES-ríki fjármagna og við sögu koma framleiðendur frá fleiri en einu EES-ríki má vera allt að 60% af áætluðum framleiðslukostnaði. Fyrir erfið myndmiðlaverk og samframleiðsluverkefni þar sem koma við sögu lönd sem eru á lista þróunaraðstoðarnefndar Efnahags- og framfararstofnunarinnar (OECD) má styrkhlutfall vera allt að 85%, sbr. einnig lög nr. 43/1999 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Kvikmynd þar sem eina frumútgáfan er á íslensku telst erfitt myndmiðlaverk, sem og stuttmyndir, fyrsta eða önnur kvikmynd leikstjóra, heimildarmyndir eða ódýr verk. Við útreikning styrks úr Kvikmyndasjóði skal gæta að áhrifum styrkja sem veittir eru eða kunna að vera veittir samkvæmt lögum nr. 43/1999 sem og annarri opinberri aðstoð.

16. gr.

Greiðslur styrkja.

Að jafnaði skal miða við að styrkveiting skuli fara fram áður en aðaltökutímabil er hafið.

Viðmið um greiðslu framleiðslustyrkja til leikinna kvikmynda í fullri lengd til sýningar í kvikmyndahúsi og/eða fjölmiðlaveitu og leikinna sjónvarpsþátaraða er:

10% við undirritun úthlutunarsamnings,

87% á fyrsta tökudegi aðaltökutímabils, og

3% þegar framleiðandi skilar uppgjöri og fylgigögnum, sbr. 2. mgr. 17. gr.

Víkja má frá framangreindum viðmiðum og greiða allt að 20% við undirritun úthlutunarsamnings ef full fjármögnun liggur fyrir og sérstakar ástæður mæla með því, s.s. þegar fyrir liggur að undirbúningskostnaður er mun meiri en almennt gerist.

Framleiðslustyrkir til annarra flokka kvikmynda skulu greiddir í hlutum eftir framvindu verks samkvæmt ákvæðum úthlutunarsamnings.

Styrkþegi skal hafa skráð útibú eða umboðsmann hér á landi til að geta veitt styrkgreiðslu móttöku.

17. gr.

Uppgjör og skil.

Styrkþegar skulu láta Kvikmyndamiðstöð í té fullnaðaruppgjör um ráðstöfun styrkja eigi síðar en sex mánuðum frá þeim tíma að verk telst lokið, þ.e. frumsýning myndarinnar skv. úthlutunarsamningi. Kvikmyndamiðstöð er heimilt að krefja styrkþega um að uppgjör sé staðfest af löggiltum endurskoðanda.

Uppgjör skal innihalda sömu liði og upprunaleg kostnaðaráætlun og skulu upphæðir úr kostnaðaráætlun fylgja með til samanburðar. Uppgjör skal einnig innihalda sérstakan lista yfir fjármögnunarfé, þ.m.t. styrki, fjárfestingar, forsölu á sýningarrétti, eftir því sem við á, lista yfir lykilstarfsmenn og leikara og greinargerð um vægi framlaga þeirra miðað við skiptingu kynja og aðrar upplýsingar sem þörf er á til að sannreyna að forsendum fyrir veitingu styrks hafi verið fullnægt.

Verði breytingar á handriti, fjármögnun, listrænum lykilstjórnendum eða kostnaðaráætlun frá umsókn ber styrkþega að tilkynna það Kvikmyndamiðstöð án tafar. Í slíkum tilvikum tekur forstöðumaður endanlega ákvörðun um hvort krefjast eigi endurgreiðslu styrks, að hluta eða öllu leyti, eða hvort lækka beri fjárhæð styrks sem veittur hefur verið en er ógreiddur.

Verki telst lokið þegar styrkþegi hefur efnt að fullu skyldu sína samkvæmt úthlutunarsamningi við Kvikmyndamiðstöð. Nú lýkur styrkþegi ekki við gerð þess verks, sem styrkur hefur verið veittur til, innan umsamins tíma og skal hann þá endurgreiða styrk sem veittur hefur verið, að frádregnum sannanlegum og réttmætum útlögðum kostnaði vegna verksins að mati forstöðumanns.

Hafi styrkþega eða fyrirtæki sem hann hefur átt aðild að, áður verið úthlutað styrk úr Kvikmyndasjóði, ber styrkþega að gera fullnaðarskil áður en hann fær aftur úthlutað. Sé verk í vinnslu skal styrkþegi skila inn milliuppgjöri og skýrslu um stöðu verksins, áður en annar styrkur er veittur.

IV. KAFLI

Aðrir styrkir, heimildir Kvikmyndamiðstöðvar og gildistaka.

18. gr.

Aðrir styrkir.

Veita má styrki úr Kvikmyndasjóði til verkefna á sviði kvikmyndarmenningar, þar á meðal til þátttöku í kvikmyndahátíðum, alþjóðlegum vinnustofum og viðurkenndum námskeiðum.

Heimilt er að veita styrki til kynningar- og markaðssetningar, m.a. ferðastyrki, vegna tiltekkinnar kvikmyndar. Skilyrði styrkveitingar er að framleiðslu kvikmyndar sé lokið og áætlun um kynningu og kostnað liggja fyrir.

Framleiðandi kvikmyndar getur sótt um kynningarstyrk, þar á meðal ferðastyrk vegna þátttöku kvikmyndar á A-lista kvikmyndahátíð eða hátíð með sambærilegt vægi skv. nánari reglum sem Kvikmyndamiðstöð setur.

Einnig er heimilt að veita styrki vegna tilraunamynda, sprotaverkefna og annarra listrænna kvikmyndaverkefna sem stuðla að framþróun í greininni samkvæmt nánari reglum sem Kvikmyndamiðstöð setur.

Þá er mennta- og menningarmálaráðuneyti heimilt að veita Kvikmyndamiðstöð heimild til sérstakra tímabundinna styrkveitinga til verkefna sem falla undir kvikmyndalög nr. 137/2001.

Um umsýslu umsókna, greiðslur styrkja, uppgjör o.fl. gilda eftirfarandi ákvæði um aðra styrki: 13. gr., 14. gr., 15. gr. og 5. mgr. 16. gr.

Kvikmyndamiðstöð er heimilt að óska eftir fullnaðaruppgjöri eða greinargerð um ráðstöfun styrkfjár samkvæmt þessari grein.

19. gr.

Heimildir Kvikmyndamiðstöðvar Íslands o.fl.

Kvikmyndamiðstöð er heimilt í tengslum við menningarlega viðburði að sýna hópi fólks hérlendis og erlendis kvikmynd sem hlotið hefur styrk, án sérstaks endurgjalds. Kvikmyndamiðstöð skal upplýsa framleiðanda um allar slíkar sýningar.

Framleiðanda kvikmyndar sem hlotið hefur styrk er skylt að afhenda Kvikmyndasafni Íslands á stafrænu formi frumskrá kvikmyndar sinnar, sýningarskrár, stiklur og streymisskrár auk útgefna gagna er varða kvikmyndina, s.s. ljósmyndir, veggspjöld, tilvitnanir, skoðunareintök, og tónlist úr styrktri kvikmynd, sbr. og 11. gr. laga nr. 20/2002. Kvikmyndamiðstöð er heimilt að nota efnið til kynningar hérlendis og erlendis. Kvikmyndamiðstöð er heimilt að láta gera eintak af styrktri kvikmynd til eigin nota.

Framleiðanda ber að upplýsa Kvikmyndamiðstöð ef einhverjar hömlur eru á notkun styrktrar kvikmyndar og kynningarefni henni tengdu. Kvikmyndamiðstöð er heimilt að kynna verkið með upplýsingum og fréttatilkynningum, nema um annað sé samið.

Merki Kvikmyndamiðstöðvar skal koma fram í upphafs- og lokatitlum kvikmyndar sem hlotið hefur styrk. Þá ber að geta stuðnings Kvikmyndamiðstöðvar á öllu markaðsefni kvikmyndar.

Verk sem nýtur styrks úr Kvikmyndasjóði skal kynnt sem íslenskt á kvikmyndahátíðum og mörkuðum erlendis. Í samframleiðsluverkefnum og verkum sem framleidd eru eða kostuð af aðilum frá öðrum EES-rikkjum skal getið um íslenskt þjóðerni ásamt öðrum.

20. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. kvikmyndalaga nr. 137/2001 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 229/2003 um kvikmyndasjóð, með síðari breytingum.

Nr.

2021

Lilja D. Alfreðsdóttir.

Páll Magnússon.

Viðauki:

- I. Samningar Íslands og annarra ríkja um samframleiðslu:
 - a. Evrópusamningur um samframleiðslu kvikmyndaverka frá 2. október 1992 [29. júní 2016];
 - b. Samningur Kanada og Íslands um samframleiðslu kvikmyndverka frá 28. mars 2003;
 - c. Samingur Frakklands og Íslands um samframleiðslu frá 29. ágúst 1990;
 - d. Fríverslunarsamningur EFTA-ríkjanna og Tyrklands frá 25. júní 2018, viðauki XV;
 - e. Fríverslunarsamningur EFTA-ríkjanna og Suður-Kóreu frá 15. desember 2005, viðauki XI.

- II. Alþjóðasamningar um fríverslun:
 - a. Stofnsamningur Fríverslunarsamataka Evrópu (EFTA) frá 21. júní 2001, sem tók gildi 1. júní 2002;
 - b. Fríverslunarsamningur Íslands og Færeyja frá 31. ágúst 2005, sem tók gildi 1. nóvember 2006.